

Mál nr. 76/2001

M

og

Vátryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr húftryggingu bifreiðar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.3.2001.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrsla, tjónstilkynning og ljósmyndir.
4. Tvær yfirlýsingar, dags. 20.9.2000 og 22.9.2000.
5. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 26.9.2000.
6. Bréf X, dags. 12.10.2000 og 9.4.2001.
7. Skilmálar og kynningarbæklingur um húftryggingar (kaskótryggingar) bifreiða.

Málsatvik.

Þann 13. september 2000 var M á leið að Illakambi á Lónsöræfum á bifreið sinni A sem er af gerðinni Mercedes Benz Unimog. Aftan í A var yfirbyggð kerra. Á leiðinni þurfti að fara yfir Skyndidalsá sem er óbrúuð. Er M kom að ánni taldi hann hana vera ófæra og hafi því hætt við að fara yfir hana. Kvaðst hann hafa ætlað að taka U-beygju til að snúa við, en ekki náð beygjunni í einni lotu. Hann hafi því stöðvað við árbakkann til að aka A aftur á bak, en þá hafi bakkinn látið undan vinstra framhjólínu og hafi A hallað mjög mikið. Skyndilega hafi hann ákveðið að aka undan og upp á eyri mjög skammt frá. Það virtist hafa gengið mjög vel, en þegar kerran hafi komið út í hafi straumurinn tekið hana og við það hafi A snúist mjög hratt í hálfhring og drepist á bifreiðinni. Skemmdir urðu á A bæði af völdum vatns og við það þegar unnið var við að koma henni á þurrt land.

Hefur M krafist bóta fyrir tjón á A úr húftryggingu hennar, sem hann hafði keypt hjá X. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu, þar sem það telur að samkvæmt skilmálum taki húftryggingin ekki til tjóns eins og hér er um að ræða.

Álit.

Af hálfu X hefur frásögn M af tildrögum óhappsins ekki verið véfengd. Hún verður því lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Samkvæmt 1. gr. skilmála X fyrir húftrygginguna bætir vátryggingin m.a. tjón á vátryggðu ökutæki vegna þess að það veltur eða hrapar, svo og þegar því er ekið út af vegi. Ekki er skýrt nánar í skilmálunum hvað átt sé við með veltu, hrapa eða akstri út af vegi. Árbakkinn brast undan öðru framhjól A er M var að snúa henni við. Féll þá hjólið niður og A hallaðist mikið. Brá M þá á það ráð að koma A yfir á eyri, sennilega úti í ánni. Verður að líta svo á að orsök óhappsins og þess hversu illa fór hafi verið sú að A hafi hrapað ofan í árfarveginn. Ber því að bæta tjón M úr húftryggingu A sem hann hafði keypt hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist úr húftryggingu A.

Reykjavík, 20. apríl 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.